

98

.12 okt.

AUGLÝSING

um

breyting á auglýsingu nr. 4 frá 5. janúar 1920, um starfstíma hæstaréttar o. fl.

Í stað orðanna „kl. 1 síðdegis“ í 1. gr. í auglýsingu nr. 4 frá 5. janúar 1920 komi, samkvæmt tillögum hæstaréttar: kl. 10 árdegis.

Þetta birtist hér með.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

99

14. okt.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð fyrir rafveitu Akureyrar frá 5. janúar 1923.

Aftan við 7. gr. reglugerðarinnar bætist:

og ber raforkukaupandi fulla ábyrgð á greiðslu fyrir þá orku, er notuð er um mæli hans þar til er aflestur hefir farið fram eða tiltekinn frestur er liðinn frá því að tilkynnt var um uppsögn.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.